

16 ganga á fiskveiðar, og til þess að vera 1. vélstjóri á öðrum skipum með allt að
6. júlí 200 hestafla vél og til þess að vera 2. vélstjóri á öllum öðrum skipum.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 6. júlí 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

S. Kristinsson.

17
6. júlí

L Ö G

um

bókasöfn prestakalla.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stofna má bókasöfn fyrir prestaköll með bókaöfjum og bóka kaupum, svo sem nánar er tiltekið í lögum þessum.

2. gr.

Til bókasafna prestakalla skulu einkum keyptar bækur guðfræðilegs og heimspekilegs efnis, svo og almennar fræðibækur og úrvals skáldrit. Bókasöfnin mega þiggja bækur að gjöf.

3. gr.

Nú vill sóknarprestur stofna eða auka við bókasafn prestakalls síns. Skal hann þá fyrir júnílok ár hvert senda „bókanefnd prestakalla“ skrá yfir bækur þær, er hann óskar að fá í bókasafnið, og greiða $\frac{1}{4}$ verðs þeirra innbundinna og flutningsgjalds fyrirfram.

4. gr.

17
6. júlí

Bókanefnd prestakalla skipa þrjú menn. Kýs prestastefnan tvo þeirra og einn varamann, en kirkjumálaráðuneytið skipar einn mann, kunnan að smekkvísi og þekkingu á bókmenntum. Nefndin skal kosin og skipuð til þriggja ára í senn og skiptir sjálf með sér störfum. Bókanefnd starfar kauplaust, en útlagður kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af bókakaupafé.

Bókanefnd skal veita leiðbeiningar um val bóka, annast kaup á þeim og úrskurða um það, hvort bækur fullnægi skilyrðum 2. gr. Nefndin sker úr um það, hverjum skuli veita styrk til bókakaupa og hvaða bækur skuli kaupa af þeim, sem óskað er eftir, þegar umsóknir fara fram úr því, sem hámark ríkisstyrks leyfir.

Þau prestaköll ganga fyrir öðrum um styrkveitingu, þar sem ekki eru fyrir bókasöfn, sem prestur og söfnuður getur haft til afnota.

5. gr.

Nú hefir bókanefnd borizt beiðni um útvegum bóka samkvæmt 3. gr., og kemur beiðnin eigi í bága við fyrirmæli 2. greinar laga þessara. Útvegar hún þá bækurnar, en ráðuneytið ávísar bókanefndinni, eða bóksala hennar, $\frac{3}{4}$ kostnaðar úr ríkissjóði, gegn því að bækurnar verði eign bókasafns prestakallsins. Þó má ekkert ár verja meiru fé úr ríkissjóði í þessu skyni en 4 þús. kr. samtals.

6. gr.

Um leið og bókanefnd sendir presti bækur til bókasafns prestakalls hans samkvæmt lögum þessum, sendir hún prófasti skrá yfir bækur þær, er bókasafninu þannig bætast. Prestar skulu árlega senda prófasti skrá um gefnar bækur. Skal prófastur gera aðalskrá um bókasöfn í prófastsdæminu, sundurliðaða eftir prestaköllum.

7. gr.

Þegar prestur hefir veitt móttöku bókum samkvæmt lögum þessum, skal hann rita á þær nafn prestakalls síns og skrásetja. Prófastur lögildir bók undir bókaskrá prestakalls, og ber honum á skoðunarferðum sínum að hafa eftirlit með því, að bækurnar séu vel varðveittar.

8. gr.

Bókasafn prestakalls skal geymt á heimili prests. Presti er skylt að váttryggja safnið gegn eldsvoða. Þar sem fleiri en einn sóknarprestur er í prestakalli, skal sá prestur varðveita bókasafnið, sem elztur er að embættisaldri, nema öðruvísi um semjast með prestum kallsins.

Nú er prestakall prestslaut, og gerir prófastur þá þær ráðstafanir, er þurfa þykir, til öryggis safninu.

- 17** Við prestaskipti skal fara fram úttekt á bókasafni prestakallsins, og
6. júlí gerir prófastur þá fráfarandi presti að greiða bætur fyrir, ef á vantar og kenna má vangeymslu hans.

9. gr.

Presti er skylt að lána sóknarbörnum bækur úr bókasafni prestakalls síns, sér að bagalaus. Lántakandi er skaðabótaskyldur, þegar bækur skaddast eða glatast. Útlánaskrá skal fylgja hverju bókasafni. Skal prestur leggja kapp á, að bókasafn prestakallsins verði söfnuðinum að sem mestum notum. Prestum er heimilt að lána hver öðrum bækur úr bókasöfnum prestakalla. Heimilt er og að skiptast á bókum úr bókasöfnum, þegar hlutaðeigandi prestar óska þess og bóka-nefnd samþykkir.

10. gr.

Prestum og próföstum er skylt að gefa þær skýrslur um bókasöfn prestakalla, notkun þeirra og varðveislu, sem biskup fyrirskipar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 6. júlí 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

- 18**
6. júlí

L Ö G

um

utanfararstyrk presta.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitir árlega, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, 2—5 prestum, þeim er þjónað hafa embætti a. m. k. 2 ár, styrk til utanfarar með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.